



Sameiningar sveitarfélaga

Málþing SSV

Róbert Ragnarsson og Freyja Sigurgeirsdóttir, KPMG

-

25. október 2023

Stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga

Í þingsályktun um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2019-2033 koma fram eftirfarandi tvö meginmarkmið:



Þjónusta samgöngu- og fjarskiptakerfa mæti þörfum samfélagsins.



Sjálfbærar byggðir og sveitarfélög um land allt.

Stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2024–2038 og aðgerðaáætlun fyrir árin 2024–2028 hefur verið lögð fyrir Alþingi. Þar koma fram meginmarkmið stjórnvalda í sveitarstjórnarmálum en þau eru:



Innviðir mæti þörfum samfélagsins.



Sjálfbærar byggðir og sveitarfélög um land allt.

Lykilviðfangsefni stefnumótandi áætlunar fyrir árin 2024-2028

1. Öflug, sjálfbær sveitarfélög.
2. Búsetufrelsi – áhersla á sambærilega þjónustu og búsetuskilyrði óháð búsetu.
3. Fjölbreyttara atvinnulíf með áherslu á fjölgun opinberra starfa á landsbyggðinni.
4. Átak í stafrænni umbreytingu.
5. Markvissari verkaskipting ríkis og sveitarfélaga.
6. Aukinn árangur á sviði loftslags-, umhverfis- og skipulagsmála.
7. Virkara lýðræði – aukin þátttaka í sveitarstjórnarkosningum og íbúalýðræði.

Fræðileg nálgun

Hlutverk sveitarfélaga

Sveitarfélög eru öðru fremur stjórnvald, stjórnsýslueining, sem löggjafinn hefur falið tiltekin verkefni.

Sveitarfélögin samanlagt eru stærsti vinnuveitandi landsins og umfangsmikill veitandi opinberrar þjónustu.

Alþingi hefur ákveðið að helstu verkefni sveitarfélaga séu fræðslu- og félagsþjónusta.

- Nærþjónustuverkefni sem skipta íbúana einna mestu máli.
- Til þessara málaflokka fara um 2/3 hlutar tekna sveitarfélaganna, í þeim starfa nokkur þúsund starfsmenn og hundruð þúsunda nota þjónustuna daglega.
- Það er brýnt að fjármál og rekstur sveitarfélaga sé hagað þannig að þau geti staðið undir skuldbindingum sínum til framtíðar.

Sveitarfélögin eru líka samfélagsleg eining sem íbúarnir tengja sína menningu og sérkenni við.

- Félagasamtök eru oft nefnd eftir sveitarfélagi og fólk kennir sig við staðinn.

Sveitarstjórnarmál eru því oft mjög tilfinningaþrungin.

- Það er mikilvægt að taka tillit til þeirra tilfinninga, en á sama tíma að skapa sveitarfélögunum forsendur til að sinna því hlutverki sem löggjafinn hefur falið þeim.
- Þar bera ríki og sveitarstjórnir sameiginlega ábyrgð.

Sjálfstjórnarhugtakið

Algjört lykilhugtak í umræðum um staðbundin stjórnvöld

- án sjálfstjórnar er ekki mikill tilgangur í að láta kjósa til sveitarstjórna.

Þjónustustofnanir vs. staðbundið stjórnvald

Sjálfstjórnarhugtakið skv. 78. gr. stjórnarskrárinnar:

Sveitarfélög...

...skulu sjálf ráða...

...málefnum sínum...

...eftir því sem lög ákveða...

Tekjustofnar sveitarfélaga skulu ákveðnir með lögum, svo og réttur þeirra til að ákveða hvort og hvernig þeir eru nýttir.

Sjálfstjórn fjallar í raun um frelsi eða svigrúm kjörinna fulltrúa til að velja mismunandi leiðir í framkvæmd stefnu, og þar með að hafa áhrif á velferð íbúanna.

Sjálfstjórn getur verið til fræðilega, í lögum

- Hafa sveitarfélög virkilega getu til sjálfstjórnar?
- Hvaða skorður eru á sjálfstjórn sveitarfélaga?

Einn af meginkostum þess að hafa sveitarfélög er að þau geta lagað þjónustu að staðbundnum aðstæðum.

- Eru þau nægilega sjálfbær að þau hafi getu til þess?

Sjálfbært sveitarfélag

Samfélag

Getur sveitarfélagið veitt þá þjónustu sem íbúar kalla eftir?

Er almenn lýðræðisleg þátttaka?

- Kynjanna
- Þjóðfélagshópanna
- Kosningar og annað samráð


Mæta innviðir þörfum samfélagsins?

Er samfélagsleg virkni, svo sem í félagasamtökum og menningu?

Efnahagur

Er fjölbreytt og gott atvinnulíf innan sveitarfélagsins sem skýtur styrkum stoðum undir samfélagið og rekstur sveitarfélagsins?

Er rekstur sveitarfélagsins sjálfbær og uppfyllir skilyrði sveitarstjórnarlaga um að geta sinnt lögbundnum skyldum til framtíðar?



Umhverfi

Hefur sveitarfélagið burði til að sinna skipulags- og byggingamálum í samræmi við kröfur íbúa og atvinnulífs?

Nær sveitarfélagið að uppfylla lagakröfur í umhverfis- og loftslagsmálum?

Sameiningarviðræður

Sameiningarviðræður

Óformlegar sameiningarviðræður

- Ólögbundið ferli.
- Könnunarviðræður.
- Mat á kostum og ókostum mismunandi sameiningarvalkosta.
 - Valkostagreining með fleiri en einum kosti.
 - Íbúafundir og samráð.
- Möguleiki á stuðningi úr Jöfnunarsjóði.
- Sveitarstjórnir geta hætt þátttöku hvenær sem er.

Tekur um 4-6 mánuði

Formlegar sameiningarviðræður

- Lögbundið ferli.
- Sveitarstjórnir viðkomandi sveitarfélaga skipa samstarfsnefnd sem vinnur að undirbúningnum.
- Mat á kostum og ókostum tillögunnar.
- Íbúafundir og samráð.
- Jöfnunarsjóði skylt að veita framlög.
- Endar með kosningum íbúa um tillöguna.

Tekur um 12 mánuði fram að kosningum.

Undirbúningur innleiðingar tekur um 12 mánuði fram að sveitarstjórnarkosningum.

Nálgun KPMG



Er breytingin nauðsynleg og/eða æskileg?”

Sameiningarviðræður sveitarfélaga er stórt stefnumótunar- og breytingaverkefni.

- Virk þátttaka hagaðila er grundvallarþáttur í okkar verklagi.
 - Skapa eignarhald sem fyrst í ferlinu.
- Skýr verkefnisáætlun og hlutverkaskipti.

Samstarfsnefnd er verkefnisstjórnin.

- Nefndin, ásamt ráðgjöfum, fundar frekar ört.
- Þekking þeirra og reynsla nýtt til að móta verkefnin að staðbundnum aðstæðum hverju sinni.

Starfshópar eða vinnustofur um einstaka málaflokka.

- Samráð við starfsfólk og kjörna fulltrúa.

Áhersla á samráð við íbúa!

- Vefsíður um hvert sameiningaverkefni.
- Kynningarfundir í upphafi verkefna.
- Samráðsfundir eftir vinnu starfshópa.
- Kynningarfundir í aðdraganda kosninga.

Ferill formlegra viðræðna



Ákvörðun um viðræður

Sveitarstjórnir ákveða að taka upp formlegar viðræður og skipa samstarfsnefnd um sameiningu.

Sameiningarkosning

Íbúar kjósa um sameiningartillögu. Kosningarétt eiga Íslenskir og norrænir ríkisborgarar með lögheimili í sveitarfélaginu og hafa náð 18 ára aldri þegar kosning fer fram. Einnig hafa kosningarétt erlendir ríkisborgarar sem hafa átt lögheimili hér á landi í þrjú ár samfellt fyrir kjördag og uppfylla önnur skilyrði að ofan. Niðurstaðan er bindandi.



Kynning

Samstarfsnefnd kynnir álit sitt á áhrifum sameiningar og framtíðarsýn fyrir sameinað sveitarfélag fyrir íbúum. Kynningarefni og íbúafundir.



Undirbúningur

Ef sameiningin er samþykkt er skipuð undirbúningsstjórn sem vinnur að undirbúningi gildistöku og innleiðingu.



Tillögugerð og álit

Samstarfsnefnd vinnur að álit og undirbúningi atkvæðagreiðslu. Stöðumat og greining á fjárhag sveitarfélaganna, ýmist með skipan starfishópa sem fjalla um hvern og einn málaflokk eða með aðkomu sérfræðinga á fundi samstarfsnefndar. Samráð er haft við íbúa og starfsfólk eftir þörfum.



Gildistaka

Sameining tekur gildi þegar ný sveitarstjórn tekur við stjórn sveitarfélagsins, 15 dögum eftir kosningar. Kosningar til nýrrar sveitarstjórnar geta verið á miðju kjörtímabili eða á sama tíma og reglubundnar sveitarstjórnarkosningar.



Document Classification: KPMG Public